



Grímsnes-og Grafningshreppur
Stjórnsýsluhúsið Borg
805 Selfoss

Reykjavík, 04. apríl 2024
USK23110158

Mál: Grímsnes- og Grafningshreppur - Nesjavellir - deiliskipulagsbreyting - umsagnabeiðni

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21. mars 2024 var lögð fram umsagnarbeiðni Grímsness- og Grafningshrepps, dags. 14. mars 2024, þar sem óskað er eftir umsögn vegna endurskoðunar á gildandi deiliskipulagi Nesjavallavirkjunar. Endurskoðunin er m.a. til komin vegna væntanlegrar fjölgunar á borholum og staðarvali fyrir niðurdælingu þar sem í gildandi deiliskipulagi er takmarkað svigrúm fyrir frekari viðhaldsboranir. Í tengslum við þessar breytingar er afmörkun skipulagssvæðisins endurskoðuð í samræmi við breytta afmörkun iðnaðarsvæðis og hverfisverndar í aðalskipulagi. Þá verða færð inn í deiliskipulagið þau mannvirki og lagnir sem byggð hafa verið á síðustu 10 árum ásamt þeim breytingum sem gerðar hafa verið á tímabilinu.

Umsögn

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við deiliskipulagsbreytinguna.

Virðingarfyllt,
f.h Skipulagsfulltrúa, Hrönn Valdimarsdóttir
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa skipulagsfulltrúa